

**Subject:**Re: Plastlaus september - styrkbeiðni - berist til umhverfisfulltrúa, formanns umhverfisráðs

**Date:**24.6.2022 17:04

**From:**[info@plastlausseptember.is](mailto:info@plastlausseptember.is)

**To:**[gudbjorgbra@gardabaer.is](mailto:gudbjorgbra@gardabaer.is)

Sæll/Sæl,

Við í Plastlausum september erum að skipuleggja átakið núna í september 2022 og leitum til ykkar eftir fjárhagsstuðningi líkt og undanfarin ár.

Styrkir og sú velvild sem við höfum mætt hafa gert okkur kleift að standa að þessu vitundarvakningarátaki undanfarin ár m.a. með því að halda úti öflugum samfélagsmiðlum auk heimasíðu á íslensku, ensku og pólsku svo að sem flestir íbúar geti tekið þátt í að minnka plastnotkun. Þar að auki höfum við staðið fyrir málþingum og verið með fræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Við leggjum áherslu á að efnið okkar sé jákvætt, aðgengilegt og myndrænt.

Úrgangsmál eru eitt af stóru verkefnum sveitarfélaganna og teljum við að jákvæð og aðgengileg fræðsla okkar styðji það markmið sveitarfélaganna að draga úr myndun úrgangs og samræmist vel áherslum Garðabæjar.

Í viðhengi er ársskýrsla Plastlauss septembers þar sem að finna má ítarlega umfjöllun um átakið.

Endilega sendu okkur línu ef frekari upplýsinga er óskað eða ef betra er að fara með styrkbeiðni okkar í annan farveg innan sveitarfélagsins, s.s. með formlegu bréfi til bæjarráðs.

Ekki hika við að hafa samband til að óska frekari upplýsinga eða til að skoða frekari samstarfsfleti.

Salbjörg Rita Jónsdóttir  
framkvæmdahópi Plastlauss septembers